



Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh)
fór fram 26. maí síðastliðinn á Grand Hótel.

Texti: Edda Dröfn Danielsdóttir | Myndir: Sigríður Elín

Hjúkrunarfræðingar skiptu sköpum í heimsfaraldrinum

Guðbjörg Pálsdóttir, formaður félagsins, setti fundinn, ávarpaði fundarmenn og ítrekaði að árið 2020 hafi undirstrikað mikilvægi hjúkrunarfræðinga sem hryggjarstykkið í heilbrigðiskerfinu. Framganga hjúkrunarfræðinga í heimsfaraldrinum hafi skipt sköpum og að heilbrigðiskerfið hefði ekki getað tekist á við vá af slíkri stærðargráðu án hjúkrunarfræðinga.

Formaður kom einnig inn á styttingu vinnuvikunnar og undirstrikaði hversu mikilvægt væri að hjúkrunarfræðingar tryggðu sér sem best ávinninginn af þessari styttingu, sem er stórt framfaraskref. Breytingarnar eiga að leiða til aukinna lífsgæða og vega upp á móti margrannsökuðum neikvæðum áhrifum vaktavinnu, auk þess að auðvelda félagsmönnum að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Ársreikningar

Á fundinum voru samþykktir ársreikningar félagsins, minningarsjóða Kristínar Thoroddsen og Hans Adolfs Hjartasonar, sem og Rannsóknar- og vísindasjóðs hjúkrunarfræðinga. Tillaga um breytingu á félagsgjöldum var samþykkt, sem og markmið og starfsáætlun félagsins fyrir næsta starfsár. Alls voru átján tillögur til lagabreytinga lagðar fram á fundinum sem allar voru samþykktar.

Farið var yfir kjör í nefndir, stjórn og ráð félagsins, sem að þessu sinni var sjálfkjorið og var Guðbjörg Pálsdóttir jafnframt sjálfkjörin formaður til næstu fjögurra ára.

Ný stefna Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum

Guðbjörg Pálsdóttir formaður kynnti drög að nýrri stefnu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til ársins 2030. Stefnan tekur mið af heilbrigðisstefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 og einnig af þeirri hugmyndafræði sem starfsemi félagsins byggist á og endurspeglast í gildum hjúkrunarfræðinga sem er ábyrgð, áræði og árangur. Stefnan er einnig byggð á skilgreiningu ICN á hjúkrun þar sem kjarni hjúkrunar snýr að umhyggju og virðingu fyrir lífi skjólstaðingsins, sem og mannhelgi hans og frelsi. Nýja stefna Fíh í heilbrigðismálum var samþykkt á aðalfundinum, hana má nálgast á heimasíðu félagsins hjukrun.is.

Ályktanir aðalfundar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Hildur Björk Sigurðardóttir meðstjórnandi lagði fram ályktanir stjórnar.



Ásta Thoroddsen og Edda Dröfn



Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Fíh



Guðrún Yrsa Ómaradóttir og
Hulda S. Gunnarsdóttir



Harpa Júlía Sævarsdóttir



Halla Eiríksdóttir, varaformaður Fíh, eldhress að vanda

Aðalfundur samþykkti eftirfarandi ályktanir:

Mönnun hjúkrunarfræðinga

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh), haldinn 26. maí 2021, lýsir yfir miklum áhyggjum af niðurstöðu skýrslu á vegum heilbrigðisráðuneytisins um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila. Það er óásættanlegt að mönnun hjúkrunarfræðinga sé langt undir lágmarksviðmiðum embættis landlæknis um hlutfall hjúkrunarfræðinga af heildarfjölda starfsfólks er starfar við umönnun aldraðra. Slík staða ógnar verulega gæðum og öryggi öldrunarþjónustunnar. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga skorar á heilbrigðisráðherra að tryggja lágmarksmönnun hjúkrunarfræðinga til að hægt verði að veita árangursríka og góða þjónustu við íbúa hjúkrunarheimila. Til þess þarf að bregðast við rekstrarhalla hjúkrunarheimilanna með nægjanlegu fjármagni þannig að hægt verði að veita örugga og góða þjónustu til framtíðar.

Stytting vinnuvikunnar

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh), haldinn 26. maí 2021, fagnar styttingu vinnuvikunnar, sem tók gildi 1. janúar 2021, hjá dagvinnufólki og 1. maí hjá vaktavinnufólki. Þar sem stór hluti hjúkrunarfræðinga er í vaktavinnu er stigið stórt skref í þá átt að 100% vaktavinna jafngildi 80% viðveru hjúkrunarfræðinga með þunga vaktabyrði. Breytingarnar eiga að leiða til aukinna lífsgæða til að veita upp á móti neikvæðum áhrifum vaktavinnu á heilsu og öryggi og auðvelda starfsfólki þannig að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þetta er stórt framfaraskref í kjarabaráttu hjúkrunarfræðinga. Því er mikilvægt að hjúkrunarfræðingar nýti þetta tækifæri sem best og leggist á eitt við að tryggja sem best ávinninginn af styttingu vinnuvikunnar.

Fundarmenn lýstu annars ánægju sinni með fundinn enda sögulegur í því samhengi að t.d. var samþykkt lagabreyting sem gerir félaginu kleift að halda hér eftir aðalfundinn með rafrænni kosningabátttöku. Eins var samþykkt ný stefna í hjúkrunar- og heilbrigðismálum sem félagið mun nota að leiðarljósi til ársins 2030.

Næsti aðalfundur félagsins er áætlaður 12. maí 2022.

Hvatningarstyrkir Fíh og styrkir úr B-hluta vísindasjóðs

Veittir voru fimm hvatningarstyrkir til frumkvöðla í hjúkrun á Íslandi, hver að upphæð 500.000 kr.

Eftirfarandi hjúkrunarfræðingarnir fengu styrk:

Ásdís Elfarsdóttir Jelle, deildarstjóri sýkingavarnadeildar Landspítala.
Guðbjörg Pálsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun sjúklunga með sár.
Jónína Hólmfríður Hafliðadóttir, frumkvöðull á sviði taugahjúkrunar.
Snæbjörn Ómar Guðjónsson, sérfræðingur í geðhjúkrun.
Sóley Bender prófessor, frumkvöðull í uppbyggingu fræðasviðs um kynheilbrigðismál.

Sautján hjúkrunarfræðingar fengu styrk úr B-hluta vísindasjóðs og heildarupphæð styrkja var 11.054.850 krónur.

Eftirtaldir hjúkrunarfræðingar fengu styrk:

Berglind Steindórsdóttir
Birna Rut Aðalsteinsdóttir
Brynja Ingadóttir
Elva Rún Rúnarsdóttir
Guðrún Kristjánsdóttir
Helga Bragadóttir
Kristín Þórarínsdóttir
Lilja Dögg Bjarnadóttir
María Finster Úlfarsson
María Kristánsdóttir
Ólafía Daniélsdóttir
Ragnheiður Guðmundsdóttir
Sigríður Zöega.
Sigríður Þóroddsdóttir
Sólrun Dögg Árnadóttir
Sólrun W. Kamban
Theja Lankathilaka



Herdís Lilja, Margrét, Guðbjörg og Steinunn, starfsmenn Fíh